

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1577  
komudagur 9.3.2007



Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurvelli

9.mars 2007

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.99/1993 um framleiðslu,  
verðlagningu og sölu á búvörum.**

Athugasemdir SVÞ lúta að lögum nr. 99/1993, en ekki þeim breytingartillögum sem frumvarp á þskj.1020 fjallar um. SVÞ hafa lengi barist gegn sérlögum sem heimila afurðastöðvum landbúnaðarins hegðun sem er glæpur og skýlaust lögprot skv. þeim samkeppnislögum sem allur þorri landsmanna starfar eftir og eru talin samræmast góðum viðskiptaháttum. Þessi hegðun umræddra afurðastöðva fer fram í skjóli laga nr. 99/1993 og felst m.a. í samráði um verðlagningu og verkaskiptingu. Fyrir slíka háttsemi eru menn sem starfa í öllum venjulegum fyrirtækjum dæmdir af dómstólum landsins til sekta og tukhúsvistar. Þessa háttsemi afurðastöðvanna er andstæð hagsmunum neytenda í landinu skv. yfirlýsingum frá Samkeppniseftirlitinu og forvera þess Samkeppnisstofnunar. Nú hafa mál skipast þannig í mjólkuriðnaði að nánast algjör samþjöppun í eitt fyrirtæki hefur átt sér stað m.a. með sameiningu MBF,MS og Osta & smjöröslunnar sf. Því er nú ennþá ríkari ástæða en áður til þess að fella niður þá tollvernd sem þetta fyrirtæki nýtur til stórkostlegs fjárhagslegs skaða fyrir neytendur í landinu. Það er reyndar annað mál en hér er til umræðu, en fyllsta ástæða til að Alþingi geri sér grein fyrir þessu atriði.

Enn og aftur leggja samtökin til að Landbúnaðarnefnd geri tillögu um breytingar á 65.gr. laganna skv. tillögum samtakanna í lok síðasta mánaðar og skyldi ráðherra til að úthluta tollkvótum án sölutekna fyrir ríkið en þær stuðla að hærra vöruverði. Ennfremur að skylda endurúthlutun ónotaðs tollkvóta og banna framsal hans. Það skiptir öllu máli fyrir neytendur og verðþróun á matvöru að ekki komi til kvótasölu sem þá spólar upp verð í verslunum og veitingahúsum.

Samtökunum er ljóst að umrætt frumvarp verður lítið eða ekkert breytt lagt fyrir Alþingi og líklega samþykkt þannig. Það er hins vegar mikilvægt að menn fari að huga að heildarmyndinni og samtökin fagna að sjálfsögðu þeim fyrirvara vegna WTO samninga sem gerður er í lok frumvarpsins, enda þótt sífellt færri aðilar haldi í þá von að eitthvað komi út úr þeim samningum sem kenndir eru við Doha. SVÞ hvetja Alþingi til að móta framtíðarumhverfi bænda og valkosti neytenda þannig að einhver sátt verði á milli aðila. Lög nr.99/1993 með breytingum skv. frumvarpinu á þskj.1020 stuðla ekki að þessu.

Virðingarfyllst

  
Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri